



Alþingi  
Erindi nr. P 126/1416  
komudagur 13.3.2001

## Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY  
OF ICELAND

Landbúnaðarnefnd  
Nefndarsviði Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

12/03/01  
HG 0103-007

**Varðar:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970 með síðari breytingum. Mál 389.

Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar Hollustuverndar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp. Stofnunin er einnig með til umsagnar frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar. Rétt er að benda landbúnaðarnefnd á að gæta þurfi samræmis milli þessara tveggja lagafrumvarpa. Hollustuvernd hefur ýmislegt við frumvarpið að athuga og verður fyrst fjallað um það almennt en eftir það eru athugasemdir við einstakar greinar settar fram í röð.

### Almennt:

Hollustuvernd ríkisins telur mikilvægt að starfsemi sem getur haft áhrif á umhverfi lúti skýrum og einföldum reglum, svo unnt sé að draga úr eins og kostur er hugsanlegum neikvæðum áhrifum starfseminnar. Stofnunin telur hins vegar að tilvísað frumvarp nái ekki því markmiði og sé í mörgu andstætt stefnu sem mörkuð var í lögum nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur, og reglugerð 812/1999 um eftirlitsreglur hins opinbera. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er verið að setja upp eftirlitakerfi sem virðist sem næst í engum tengslum við aðrar kvaðir um eftirlit svo sem lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir rekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd telur að lög 7/1998 og reglugerð 785/1999 setji fyrirtækjum almenn skilyrði um atriði sem eigi að uppfylla til að draga úr mengun frá starfseminni. Þær sérstöku kröfur sem þurfa að koma til viðbótar, hvað fiskeldi varðar, snúa t.d. að því að koma í veg fyrir óæskilega erfðablöndun, draga úr óhóflegri lyfjagjöf, vernd og nýtingu villtra laxastofna, bæta sjúkdómavarnir og eftirlit með heilbrigði og gæðum eldisstofna og afurða. Það er æskilegast gagnvart fyrirtækjunum að lagaumhverfi og framkvæmd eftirlits sé með sem samræmdustum hætti þannig að fyrirtækjum sé ekki íþyngt með tíðu eftirliti aðila sem hafa sambærilegu eftirlitshlutverki að gegna. Til dæmis kæmi til álita að löggjafinn legði línur um að vinna mætti starfsleyfi og rekstarleyfi saman á sama hátt og heimilt er að vinna að mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfi samtímis (Lög 106/2000 og reglugerð 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum).

Hollustuvernd ríkisins telur að verulega skorti á að slíkrar samræmingar sé gætt í ofangreindu frumvarpi, og hvetur Landbúnaðarnefnd til að gera gangskör að því sjá til þess að frumvarpið verði endurskoðað í þessu skyni.

**Office address:**

Ármúla 1a  
108 Reykjavík

**Postal address:**

P.O. Box: 8080  
IS-128 Reykjavík

**Telephone:**

+ 354-585 1000

**Telefax:**

+ 354-585 1010

**Internet:**

www.hollver.is

**Kennitala:**

490882-0149

### Athugasemdir um einstakar greinar

Við 3. gr. frumvarpsins sem fjallar um 62. gr. laga 76/1970 og fjallar um rekstrarleyfi fyrir fiskeldisstöðvar og hafbeitarstöðvar eru eftirfarandi athugasemdir:

1. Hollustuvernd telur að gæta þurfi fyllsta samræmis milli starfsleyfis og rekstrarleyfis þannig að rekstrarleyfi taki til atriða sem ekki er gert ráð fyrir í starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur sbr. lög nr. 7/1998 um heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir.
2. Hollustuvernd vekur athygli á að það er ekki málskotsréttur vegna útgáfu rekstrarleyfa á sama hátt og gert er ráð fyrir í lögum nr. 7/1998 varðandi útgáfu starfsleyfa.
3. Hollustuvernd telur að fara þurfi nánar yfir og samræma tölulíði 2-4. Stofnunin telur að telja beri upp þau atriði sem þurfi að fylgja umsókn um rekstrarleyfi í stað þess að þau séu nefnd sem frekari gögn sem hægt er að krefjast (sbr. tölulíði 2 og 3). Ennfremur telur stofnunin að fara þurfi nánar yfir þau atriði sem talin eru upp í 4. t.l. með hliðsjón af skörun við starfsleyfi sem Hollustuvernd ríkisins gefur út og hlutverks Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum. Skilgreina þarf rekstrarleyfið og innihald þess mun þrengra en gert er í drögunum og það eigi eingöngu að fjalla um verndun og nýtingu villtra laxastofna, sjúkdómavarnir, lyfjanotkun og eftirlit með heilbrigði eldisstofna og afurða.

Við 5. gr. (verðandi gr. 74 til 78) sem í felast fimm nýjar greinar hefur Hollustuvernd eftirfarandi athugasemdir.

1. Um 1. mgr. b-liðs (verðandi 75. gr.) er kveðið á um að veiðimálastjóri eigi að hafa eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Ekki kemur jafn skýrt fram í frumvarpinu í hverju eftirlitið er fólgið eins og hvað það eigi að kosta. Eins og fram kemur í inngangi að álitni Hollustuverndar ríkisins telur stofnunin að tilvitnað frumvarp sé andstætt þeirri stefnu sem mótuð var með lögum nr. 27/1998 um opinberar eftirlitsreglur. Nú þegar hafa fjórir aðilar eftirlit með fiskeldis- og hafbeitarstöðvum og hér á að bæta einum við. Erfitt er að sjá að framangreindir aðilar séu ekki færir til að sinna því eftirliti sem til þarf. Stofnunin leyfir sér máli sínu til stuðnings að vitna í lög nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur. Í 3. gr. laga 27/1999 er ákvæði um að meta skuli þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Ennfremur, að *“þegar stjórnarfrumvarp sem felur í sér ákvæði um eftirlit er lagt fyrir ríkisstjórn skal leggja fram greinargerð um mat skv. 1. mgr.”* Í 5. gr. sömu laga, 2. tl. segir að leitast skal við að tryggja nauðsynlega samhæfingu og hagkvæmni í eftirliti á vegum hins opinbera. Tekið skal fram að stofnunin er hér að tala um eftirlit en ekki um rannsóknir og vöktun á áhrifum starfseminnar á umhverfið.
2. Hvað varðar e-lið, telur Hollustuvernd það eðlilegt að umhverfisráðuneytið og stofnanir þess komi að ákvarðanatöku við útgáfu rekstrarleyfa eða sem umsagnaraðilar. Hollustuvernd vekur athygli á því að í væntanlegri 78. gr. laga nr. 76/1970 er landbúnaðarráðuneytinu veitt víðtæk heimild til takmörkunar á rekstri og staðsetningu fiskeldis án aðkomu umhverfisyrivalda.

Í 6. gr. frumvarpsins (85. gr. sem verður 90. gr.) segir í 2. tl. að til aðstoðar landbúnaðarráðherra um stjórn fiskeldis- og veiðimála eru fiskeldisnefnd, veiðimálanefnd og veiðimálastjóri. Fiskeldisnefnd er nýmæli í lögunum. Stofnunin

## Hollustuvernd ríkisins

hefur vissar efasemdir um að það sé skynsamlegt að stofna sérstaka nefnd, fiskeldisnefnd, vegna aukinnar skriffinnsku sem af slíku embætti hlýst.

Í 7. gr. frumvarpsins (ný grein sem verður 94. gr.) segir í 1. tl. að í fiskeldisnefnd eigi sæti fjórir menn. Væntanlega er hugmyndin með nefndaskipaninni að reyna að tryggja samráð hinna mismunandi aðila sem koma að málum og framkvæma eftirlit. Reynslan hefur sýnt að slíkar nefndir eru ekki ávalt mjög virkar í sínu starfi. Önnur leið að sama marki væri að lögbjóða þeim stofnunum sem eiga að koma að málum að hafa samráð líkt og gert er í lögum 32/86 og jafnvel má ganga enn lengra og skylda stofnanir þessar að gera með sér verklagsreglur um framkvæmd og eftirlit. Kjósi Alþingi að skipa slíka samráðsnefnd bendir Hollustuvernd ríkisins á mikilvægi þess að fiskeldisnefnd sé einnig skipuð fulltrúum umhverfisyfirvalda.

### Aðrar athugasemdir:

Hollustuvernd ríkisins telur í hæsta máta óeðlilegt að hvergi skuli í lagafrumvarpi þessu vera minnst á að rekstrarleyfi skuli veitt eftir að starfsleyfi hafi áður gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998. Misræmi er í frumvarpinu; annars vegar er um að ræða greinar þar sem er almennt orðalag yfir mikilvæg atriði og hins vegar vel útfærð tæknileg atriði í öðrum greinum. Frumvarpið virðist bera þess merki að hafa verið samið í flýti, sbr. starfsleyfisumfjöllun hér að framan og fyrirhugað aukið eftirlit.

Virðingarfyllst,

  
Davíð Egilsson  
Forstjóri

  
Helgi Jensson  
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs